




Gildandi deiliskipulag, samþykkt 2. júní 2000



Breytt deiliskipulag

Greinargerð

Gildandi deiliskipulag var samþykkt árið 2000 og tekur til alls lands Myrarhúsa.

Gildandi deiliskipulag var unnið á óupprétta loftmynd Landmælinga Íslands frá 1991 og Gróður- og jarðakorti RALA frá 1988. Nákvæmni grunnkortsins var því takmörkuð. Breytt skipulag er fært inn á myndkort frá Loftmyndum frá árinu 2009 og skekkjur lagfærðar, s.s. staðsetning húsa, vega og landamerkjia, í samræmi við það. Öllum lóðum er gefið auðkennisnúmer og hnitaskrá uppfærð.

Árið 2000 var sumarhús byggt á lóð 3. Húsið var reist á lóðarmörkum og utan byggingarreits, hugsanlega vegna skekkju í kortagrunni. Lóðin og byggingarreiturinn eru því færð til samræmis við staðsetningu hússins.

Árið 2005 var byggt sumarhús sem ekki var í samræmi við gildandi deiliskipulag. Húsið er skráð í Fasteignaskrá. Húsið, ásamt lóð þess, er því fært inn á uppdráttinn en er ekki hluti af þessari breytingu.

Innmælingar landamerkjia voru unnar af Forverki ehf. í maí 1999 og eru landamerki færð inn á uppdráttinn skv. hnitum og lýsingu.


Deiliskipulagsbreyting þessi felst í því að ný sumarhúsalóð, merkt 6, er skilgreind norðan við lóð 5. Lóðin er 1050 m² að stærð og innan byggingarreits er heimilt að reisa allt að 75 m² sumarhús. Hámarkshæð húss er 5 m.

Lóð 6 er í a.m.k. 20 m fjarlægð frá sjó og byggingarreiturinn er í a.m.k. 30 m fjarlægð frá sjónum. Staðsetning lóðarinnar tekur mið af lóðum nr. 4 og 5, en byggingar á þeim eru einnig í um 30 m fjarlægð frá sjó. Í grein 5.3.2.14. um skipulag við vötn, ár og sjó í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur fram að utan þéttbýlis skuli ekki byggt nær sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram honum. Bakki vaðalsins er hár og því er ekki beint aðgengi að fjörunni frá lóðunum. Séð úr fjörunni, eru húsin uppi á bakkanum ekki áberandi vegna hæðarmismunar. Staðsetning hússins mun því ekki hafa áhrif á för fólks meðfram vaðlinum. Landið ofan við byggingarreit á lóð 6, þ.e. fjær vaðlinum, er blautt og hentar illa til bygginga.

Skv. Fornleifaskrá Grundarfjarðarbæjar eru tveir minjastaðir (nr. 290 og 291) innan skipulagssvæðisins og einn (nr. 289) rétt ofan við landamerkin. Fleiri minjastaðir eru sunnan við skipulagssvæðið. Allar minjarnar innan skipulagssvæðisins hafa talsvert minjagildi. Friðhelgað svæði umhverfis minjarnar er 15 m skv. 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Skipulagið gerir ekki ráð fyrir framkvæmdum nærri minjum. Ef aðrar fornminjar finnast við framkvæmdir á svæðinu skal stöðva þær án tafar og tilkynna til Minjastofnunar Íslands, í samræmi við 24. gr. sömu laga. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Að öðru leyti gilda öll fyrri ákvæði deiliskipulagsins innan marka þess eftir breytingu.

Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Grundarfjarðar. Myrarhúsið er hluti af svæði F3 en þar er gert ráð fyrir allt að 16 sumarhúsum. Í dag eru 10 sumarhús innan svæðis F3.



Aðalskipulag Grundarfjarðar 2003-2015 m.s.br.

Samþykktir
Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd þann _____
og í bæjarstjórn þann _____.

Tillagan var auglýst frá _____
með athugasemdafresti til _____.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____.

Hnitaskrá

1. 293391.3876,501510.0426	23. 293410.1757,501758.9537
2. 293347.6854,501553.7730	24. 293445.5434,501755.8913
3. 293368.0180,501574.0957	25. 293442.9900,501726.4017
4. 293414.4101,501529.8320	26. 293436.3418,501541.6624
5. 293396.7549,501508.0115	27. 293443.2331,501548.9149
6. 293421.4324,501541.5074	28. 293454.1020,501538.5788
7. 293439.9017,501562.0425	29. 293447.2024,501531.3470
8. 293468.1760,501536.6126	30. 293470.5891,501574.5830
9. 293449.7067,501516.0775	31. 293482.1380,501584.1550
10. 293475.6524,501552.8032	32. 293488.5193,501576.4558
11. 293456.5085,501575.9010	33. 293476.9704,501566.8838
12. 293483.4560,501598.2356	34. 293419.2758,501748.1284
13. 293502.5999,501575.1378	35. 293434.7180,501746.7913
14. 293346.7524,501650.3358	36. 293433.8899,501737.2270
15. 293365.7322,501675.0210	37. 293418.4477,501738.5641
16. 293392.4845,501654.4520	38. 293421.8388,501495.2694
17. 293373.5047,501629.7668	39. 293503.4690,501546.6411
18. 293379.2283,501684.1470	40. 293621.9817,501639.6284
19. 293388.2400,501710.8720	41. 293633.5728,501739.4747
20. 293423.0290,501710.8720	42. 293624.4403,501637.6445
21. 293423.0290,501684.1470	43. 293403.3352,501798.1160
22. 293407.6223,501729.4641	